

2 á móti kirkjunni fyrir safnaðarins hönd án úttektar, en kirkjunni fylgir að sjálf-
18. febr. sögðu, auk sjálfs hússins, inneign hennar í kirkjusjóði.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-
ingar og ráðstöfunar.

3 **Bréf stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Myrkáirkirkju í Eyjafjarðar-**
21. febr. **prófastsdæmi.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegrí ályktun héraðsfundar í Eyjafjarðarprófastsdæmi 14. septbr. 1909 skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 16. þ. m., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hérmeð veita leyfi til að Myrkáirkirkja í Eyjafjarðarprófastsdæmi megi leggjast niður í næstkomandi fardögum, þannig, að kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instrumentis verði eign Bægisáirkirkju, að Myrkársókn sameinist Bægisársókn og allar tekjur Myrkáirkirkju gangi framvegis til Bægisáirkirkju.

Samþykki þetta er þó því skilyrði bundið, að söfnuðurinn hafi, áður en sameiningin fer fram, tekið að sér umsjón og fjárhald Bægisáirkirkju.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

4 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um endurveiting hlunn-**
7. mazz **inda handa sparissjóði.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórn sparissjóðs Vestur-Skaftafellssýslu, Þorsteini Jónssyni, Þorsteini Þorsteinssyni og Halldóri Jónssyni, öllum í Vík, vill stjórnarráðið hérmeð veita téðum sparissjóði um næstu 5 ár, frá 1. apríl þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningskil í lögum sjóðsins sé nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lög-
um sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir téðri stjórn sjóðsins.